

Fundargerð 42. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 9. mars 2018, kl. 9:00 í fundarsal SSS, Skógarbraut 945, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mætt eru: Magnús Stefánsson, Fannar Jónasson, Berglind Kristinsdóttir, Johan D Jonsson Ásgeir Eiríksson og Atli Sigurður Kristjánsson

Forföll boðuðu: Kjartan Már Kjartansson og Kristín Vala Matthíasdóttir

Starfsmenn: Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri), Þuríður H. Aradóttir og Gunnar H. Garðarsson

1. Framkvæmdir við áningarstaði

Lögð fyrir tillaga að frumhönnun á stíg upp Bæjarfell að Reykjanesvita. Stjórnin samþykkir að merkingar og fræðsluskilti á vegum Reykjanes Geopark verði aðlagðar að því útliti sem þróað hefur verið á undanförunum árum.

2. Svæðalandvarsla á Reykjanesi 2017

Frá september til áramóta 2017 störfuðu landverðir á vegum Umhverfisstofnunar í Reykjanes Geopark. Fyrir fundinn var lögð skýrsla þeirra þar sem fjallað er um ástand 24 svæða á náttúruminjaskrá. Metið var ástand hvers svæðis, farið yfir fyrri framkvæmdir og gerðar tillögur að úrbótum.

Stjórnin þakkar landvörðunum tveimur og Umhverfisstofnun fyrir þá vinnu sem unnin var síðastliðið haust. Ástand svæða á náttúruminjaskrá er víða slæmt og sýnir skýrslan fram á að mikil þörf er á sýnilegri landvörslu. Stjórnin leggur áherslu á að landvörslu verði áfram sinnt innan Reykjanes Geopark.

Formanni og verkefnastjóra er falið að óska eftir fundi með Umhverfisstofnun um efni skýrslunnar og áframhaldandi landvörslu. Verkefnastjóra er falið að senda skýrsluna á sveitarfélögin til upplýsinga.

3. Verkefnastjóri jarðvísinda

Stjórnin færir Sverri Guðmundssyni þakkir fyrir vel unnin störf í þágu Reykjanes Geopark. Hann hefur frá því Reykjanes Geopark fékk aðild að EGN/GGN sinnt starfi verkefnastjóra jarðvísinda ólaunað með stuðningi frá Keili. Verkefnastjóra falið að óska eftir fundi með þingmenni kjördæmisins.

4. Drifting Apart but Working Together

Dagana 26.-28. febrúar sl. fór fram ráðstefnan Drifting Apart but Working Together í Reykjanes Geopark. Ráðstefnuna sóttu um 70 gestir frá 11 löndum en þar var rætt um geoparka frá ýmsum hliðum. Ráðstefnan var hluti af verkefninu Drifting Apart sem lýkur vorið 2018. Stjórnin færir starfsfólki, þeim aðilum á svæðinu sem styrktu ráðstefnuna og sóttu hana sérstakar þakkir.



5. Jarðarviðurkenning Green Destination 2018

Reykjanes var tilnefnt til úrslita sem einn af bestu sjálfbæru áfangastöðum heims af samtökunum Green Destination árið 2018. Reykjanes hlaut þriðja sæti í flokknum Earth Awards, þ.e. þeir áfangastaðir sem lagt hafa sitt að mörkum til að draga úr loftslagsbreytingum. Stjórnin óskar íbúum og fyrirtækjum á svæðinu til hamingju með viðurkenninguna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:50.

Fundargerð ritaði: ESJ